

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 76/2022

2022/EES/45/31

frá 18. mars 2022

## um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB <sup>(2)</sup>.
- 3) IX. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það,

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

*1. gr.*

IX. viðauka við EES-samninginn er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 14a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 575/2013):

„– **32019 R 2160:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160 frá 27. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 1).“

2. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 14azza (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2021/763):

„14azzb. **32019 R 2160:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2160 frá 27. nóvember 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 575/2013 að því er varðar áhættuskuldbindingar í formi sértryggðra skuldabréfa (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 1).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Í 2. gr., að því er varðar EFTA-ríkin:

- i) eftirfarandi er bætt við á eftir orðinu „Evrópusambandsins“:

„eða á þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en 8. Janúar 2023“

- ii) eftirfarandi er bætt við á eftir orðunum „8. júlí 2022“:

„eða á þeirri dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en sex mánuðum eftir það“.

3. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 19b (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/59/EB):

„– **32019 L 2162:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).“

<sup>(1)</sup> Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29.

4. Eftirfarandi breytingar eru gerðar í 30. lið (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/65/EB):

i) eftirfarandi undirlið er bætt við:

„– **32019 L 2162:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).“

ii) eftirfarandi aðlögunartexta er bætt við á eftir aðlögunartexta g):

„h) Í 4. mgr. 52. gr., að því er EFTA-ríkin varðar, orðast „08. júlí 2022“ sem „dagsetninguna sem vísað er til í annarri undirgrein 1. mgr. 32. gr. tilskipunar (ESB) 201/2162“.“

5. Eftirfarandi er bætt við á eftir lið 31bi (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 2019/1156):

„31bj. **32019 L 2162:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/2162 frá 27. nóvember 2019 um útgáfu sértryggðra skuldabréfa og opinbert eftirlit með sértryggðum skuldabréfum og um breytingu á tilskipunum 2009/65/EB og 2014/59/ESB (Stjtið. ESB L 328, 18.12.2019, bls. 29).

Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Að því er varðar EFTA-ríkin varðar, orðast „réttargerðum Sambandsins“ í 4. mgr. 16. gr. og „lög Sambandsins“ í 1. mgr. 25. gr. sem „ákvæði EES-samningsins“.

b) Í 30. gr. að því er varðar EFTA-ríkin, orðast „8. júlí 2022“ sem „dagsetninguna sem vísað er til í annarri undirgrein 1. mgr. 32. gr.“.

c) Að því er EFTA-ríkin varðar, orðast fyrsta og önnur undirgrein 1. mgr. 32. gr. svo:

„1. EFTA-ríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg ákvæði til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 8. janúar 2023. Þau skulu þegar í stað tilkynna Eftirlitsstofnun EFTA þar um.

Þau skulu beita þeim ráðstöfunum í síðasta lagi frá 8. júlí 2022 eða frá dagsetningu sem ákvörðuð er í landslögum en þó eigi síðar en sex mánuðum eftir það“.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/2160 og tilskipunar (ESB) 2019/2162, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning, samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins, hefur farið fram (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 18. mars 2022.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

*Nicolas von Lingen*

formaður.

(\*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.